

Orka náttúrunnar
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

Reykjavík, 2. apríl 2020
UST202002-484/UST201705-266/H.G.
10.05.08

Málslok- Andakílsvirkjun umhverfisábyrgð

Vísað er til bréfs dags. 2. júní 2017 þar sem Umhverfisstofnun fór fram á að stofnuninni verði sendar nánari upplýsingar um umhverfistjón sem átti sér stað þann 15. maí 2017 við tæmingu inntakslóns Andakílsvirkjunar af Orku náttúrunnar ohf.

Umhverfisstofnun barst þann 4. febrúar sl. tölvupóst frá Orku Náttúrunnar þar sem sent var samantekt um stöðuna á lífríki Andakílsár með minnisblaði Hafrannsóknastofnunar. Í minnisblaðinu komu fram upplýsingar um atvikið er varð í Andakílsá árið 2017 þegar inntakslón Andakílsárvirkjunar var tæmt sem leiddi til umhverfistjóns. Umhverfisstofnun hefur rýnt minnisblaðið og telur það fullnægjandi til að loka málinu sem stofnað var í kjölfar umhverfistjónsins. Umhverfisstofnun tekur undir ábendingar Hafrannsóknastofnunar varðandi áframhald þeirrar vöktunar sem farið hefur fram í kjölfar atviksins og að henni verði haldið áfram næstu 3-5 árin. Að auki leggur stofnunin til að regluleg vöktun umræddra gæðapátta verði tekin upp í starfsleyfi virkjunarinnar.

Virðingarfyllst



Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri



Hlín Gísladóttir
lögfræðingur